

54. fundur skólanefndar

Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn á kennarastofu 15. júní 2007 kl. 10.00

Fundinn sátu Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson, Edda Antonsdóttir, Hilmar Jón Bragason, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, og nýr fltr nemenda Guðríður Eva Þórarinsdóttir.

Margeir Ingólfsson og Margrét Einarsdóttir tilkynntu forföll.

Dagskrá:

1. Aðsókn og nemendatölur
2. Umsóknir um auglýstar stöður
3. Héraðsskólahúsið – framtíðarnýting þess
4. Ársreikningur skólans 2006 frá Ríkisendurskoðun
5. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa nemenda velkominn og fól skólameistara síðan að taka við.

1. Aðsókn og nemendatölur

Páll dreifði blaði (fskj. 1) með upplýsingum um:

- a. Þróun nemendafjölda
 - b. Meðaltöl á samr. pr. og skólaeinkunn umsækjenda 2005-7
 - c. Hlutfall nýnema eftir landshlutum og svæðum haust 2007.
- Hann fór síðan í gegnum þessar upplýsingar og þær voru ræddar.

Skólanefnd lýsir ánægju með að nemendafjöldi er að aukast og að brottfall er lítið.

2. Umsóknir um auglýstar stöður

Skólam. dreifði upplýsingum um umsóknir: (fskj. 2)

10 sóttu um auglýstar stöður, en þær voru:

- a. Dönskukennari: Lagt til að Anna Kristjana Ásmundsdóttir verði ráðin.
- b. Líffræði og jarðfræði vegna námsleyfis: Lagt til að Heiðdís Björk Gunnarsdóttir verði ráðin.
- c. Félagsfræði og saga: Lagt til að Jakob Bragi Hannesson verði ráðinn

Staðfest.

3. Héraðsskólahúsið – framtíðarnýting þess

Skólameistari reifaði málið. Vinnuhópur hefur verið skipaður innan Mrn. Skm. hefur komið margvíslegum uppl. til hópsins um forsögu málsins. Greindi hann frá nýlegum fundi í þessum vinnuhópi. Þar varð niðurstaða um að vinna skuli að framtíðarnýtingu hússins út frá þrem hugtökum: *stjórnsýsla, fræðsla, menning.*

Fram kom að meðal hugmynda sem ræddar hafa verið um mögulega nýtingu hússins, er að flytja þangað embætti skipulags- og byggingafltr. uppsveitanna, en með ákv skilyrðum þó. Fleiri hugmyndir voru ræddar.

4. Ársreikningur skólans 2006 frá Ríkisendurskoðun

Skólam. fylgdi þessum lið úr hlaði. og dreifði blaði með helstu lykiltölum (fskj. 3)
Rætt var allmikið um ýmsa þætti sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu skólans.

5. Önnur mál

a. Sjálfsmat.

Páll greindi frá sjálfsmati í skólanum á skólaárinu og úttekt á því á vegum Mrn.

b. Verðskrá

Skm dreifði verðskrá sem gildi fyrir 2006-7. (fskj. 4) og fylgdi úr hlaði. Fram kom hjá honum að herbergisleiga hér er afar lág miðað við aðra skóla.

Samþykkt var að hækka verðskrá um 10%.

c. Framkvæmdir

Skm fjallaði um það helsta sem unnið er að um þessar mundir. Stór hluti þess felst í utanhússviðgerðum á starfsmannahúsnæði.

d. Samstarfsverkefni

Skm. fjallaði um ýmis verkefni sem skólinn tekur þátt eða stefnir að þátttöku í.

e. Ögmundur Eiríksson

Skm fór yfir mál Ögmundar, en hann hefur verið valinn til þátttöku í ólympíuliði í stærðfræði. Hann verður hinsvegar tekjulaus á meðan.

Skólanefnd lýsir ánægju sinni með árangur Ögmundar.

Samþykkt var að skólinn styrki Ögmund um kr. 100.000, - kr. 50.000 úr sérstökum styrktarsjóði og 50.000 frá skólanum.

Fundi slitið kl 11.40

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason